

Nefnasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Athugasemdir vegna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða) og frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar – 244. mál, 144. löggjafarþing.

Ég mótmæli því að færa Hvamms- Holta- og Urriðafossvirkjanir úr biðflokk í nýtingarflokk.

Ástæður þess eru t.d. samfélagsleg áhrif.

Árið 2011 var sjónvarpsþáttur sem nefndist „Hvert stefnir Ísland?“ Þar kom fram að efnahagsvöxtur vegur alltaf miklu meira en verndun umhverfisins og félagsleg velferð og jöfnuður þegar rætt er um orkuframleiðslu. Þessi staðreynd hefur víða komið í ljós í gegnum árin. Vitað er að undirbúningur og framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun höfðu samfélagslega mjög neikvæð áhrif á Austurlandi og gera enn. Þók sem ber nafnið „Það reddast“ kom út árið 2010 og er söguhetja þeirrar bókar Sveinn Sigurbjarnarson ævintýramaður á Eskifirði, Inga Rósa Þórðardóttir skráði. Í bókinni er m.a. fjallað um Kárahnjúkavirkjun Á bls. 230 segir Sveinn: „Ástandið á Austurlandi var mjög erfitt um tíma og þetta reyndi verulega á margan manninn og marga konuna. Það voru mjög skiptar skoðanir og ef ég man rétt leiddu kannanir það í ljós að uppi á Héraði skiptust í íbúar til helminga með og á móti framkvæmdunum en á Fjörðunum voru 90% fylgjandi virkjun en um 10% á móti þeim. Erfiðast við þetta allt saman var að deilur urðu mjög harðvítugar og slitu bæði fjölskyldubönd og vinabönd sem mörg hver hafa ekki enn gróið. Fólk flutti jafnvel burt af svæðinu af því að það vildi ekki búa við slíkar aðstæður“. Frá þessu ástandi var ekki sagt í fjölmiðlum. Vitað er að margir þar eystra þorðu ekki að gefa upp skoðun sína.

Árið 2009 kom út bókin „Haukur á Röðli - Í fúlustu alvöru“. Birgitta H. Halldórsdóttir skráir þar æviminningar Hauks á Röðli í Austur-Húnavatnssýslu. Í bókinni er m.a. fjallað um deilur vegna Blönduvirkjunar. Þar kemur fram að Haukur var fylgjandi virkjuninni. Hann segir: „Það var alveg ótrúlegt hvað miklar deilur sköpuðust heima fyrir og hve heift gat orðið mikil manna á milli, jafnvel svo að ekki hefur gróið um heilt enn“. (bls. 93). ... „Þetta var í raun alveg hræðilegt. Það lá við að það væri skæruhernaður á milli heimila sem alltaf höfðu verið vinir“. ... „Menn fóru að líta á kunningja sína og vini hornauga ef þeir voru ekki á sömu skoðun“. (bls 93)... „Það fór mikið af góðu og fallegu landi undir vatn og það er vissulega eftirsjá að því“. (bls 93). ... „Sumt hefur aldrei gróið um heilt, og ég get ekki óskað neinu samfélagi þess að fá svona deilu inn til sín. Það er hræðilegt“. (bls. 95). ... „Menn voru missárir eftir og sumir eru jafnvel enn ekki fullkomlega búnir að jafna sig þó árin líði“. (bls. 96).

Af hverju geta Íslendingar alls ekki lært af reynslunni?

Miklar deilur hafa verið um, Hvamms- Holta- og Urriðafossvirkjun, Íbúar hafa deilt hart, samfélög hafa laskast verulega, vinskapur rofnað og fjölskyldur klofnað. Virkjanaumræðan hefur valdið allt of mörgum vanlíðan í of mörg ár. Ásýnd landsins mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og það hefur neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna. Kostir þess að búa á svæðinu hafa nú þegar rýrnað vegna þess. Nú er ég virkilega hrædd við framtíðna, það er afar erfitt að búa í sundurtættu samfélagi.

Landslag

Þá vil ég vekja athygli á því að Þjórsá og Þjórsárdalur hefur verið listamönnum innblástur og dýrmætt myndefni í aldanna rás. Það er óskiljanlegt að vilja gjörbreyta landslagi við mynni Þjórsárdals, dalsins sem er ein mesta náttúruperla Íslands og anddyrið að hálendinu sunnan megin.

Fjöldi ferðamanna á Íslandi hefur aukist gríðalega síðustu árin og talið er æskilegt að fjölga vinsælum ferðamannastöðum. Í Þjórsárdal er mikil náttúrufegurð og greið leið frá Reykjavík. Hér verður vitnað í orð Magnúsar Helgasonar (Kvöldræður úr Kennaraskólanum 1909-1929 þar sem hann lýsir því hvað Þjórsárdalur hefur upp á að bjóða:

„Stórfellda náttúru, yndislega og ömurlega, líflega og eyðilega, forkunnar fríða og voða hrikalega, og allt þetta á eigi stærra svæði en svo, að einn vorlangur dagur má endast til að skoða. Og yfir því öllu hvelfist draumhiminn sögunnar. Hún situr þar í háseti og bendir á minjar og mannvirki löngu liðinna alda víðsvegar innan um furðuverk náttúrunnar. Í gegnum fossaniðin heyrir eins og óm af þungri baráttu og örlögum liðinna kynslóða, en munnmælasögurnar bergmála frá báðum hliðum. Náttúrufræðingurinn, sagnfræðingurinn, fornfræðingurinn hafa þar allir ærið verkefni, og þá ekki síður skáldið og malarinn. ... Í honum mætast byggðin og óbyggðin að vestanverðu við Þjórsá og um hann liggur vegurinn norður á Sprengisand.“

Við skulum hafa þetta í huga þó að langt sé síðan þetta var ritað og margt hefur breyst. Víst er að náttúrufegurð Þjórsárdals er vannýtt auðlind sem auðvelt er að nýta miklu betur árið um kring.

Lífriki

Laxastofninn í Þjórsá er með þeim stærstu í landinu. Við vitum ekki hvaða áhrif virkjanir hefðu á hann. Við höfum ekki leyfi til að stefna honum í voða.

Mín athugasemd gengur því fyrst og fremst út á að áhrifin á fólkið og samfélagið er einskis metið. Litið gert úr landslagi og landslagsbreytinum og lífríkið hefur ekki verið rannsakað sem skyldi. Við verðum að láta náttúruna njóta vafans.

Lítill samfélög hafa alls ekki efni á sundurlyndi og klofningi. Eins og hér er rakið hafa verið harðvítugar deilur vegna virkjana í sveitarfélögum við Þjórsá og við vitum að þær munu harðna verði farið út virkjanir í byggð. Landsbyggðin þolir ekki fleiri áföll af þessu tagi. Það er nauðsynlegt að taka tillit til félagslegra þátta og að læra af reynslunni til að forðast sundrunu samfélaga eins og hingað til hefur verið raunin. Var ekki eitt af upphaflegu markmiðum rammaáætlunar að ná sátt um nýtingu og vernd náttúrusvæða? Það verður engin sátt nema tillit sé tekið til samfélagslegra áhrifa vegna virkjananna. Það verður að taka tillit til fólksins sem býr á svæðinu, annað er ekki boðlegt.

Eða hverjir eiga að vera sáttir?

Að lokum við ég taka fram að ég hef oft áður gert athugasemdir við að virkjað verði í neðri hluta Þjórsár og tel þær athugasemdir enn í fullu gildi.

Ég skora á hvern einasta alþingismann að kynna sér allar hliðar þessara framkvæmda áður en afstaða er tekin.

Árdís Jónsdóttir Eystra-Geldingaholti Árnassýslu, 2710553079